



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Ársskýrsla  
2018-2019





---

## Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur .....	4
2. Starfsemi.....	7
3. Fræðslustarf .....	10
4. Markaðs- og kynningarmál.....	12
5. Mannauðsmál .....	15
6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2018-19.....	18
7. Tónleikar starfsárið 2018-19 .....	21
8. Hljóðritanir og hljómdiskar .....	31
9. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu.....	34
10. Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2018-19 .....	39
11. Fjöldi tónleikagesta .....	44

# 1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2018/19 var 69. starfsár Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands. Alls lék hljómsveitin á 86 tónleikum á starfsárinu, auk þess að standa fyrir 42 öðrum viðburðum í tengslum við starfsemina. Um 105.920 gestir sóttu tónleika hljómsveitarinnar sem flutti 187 minni og stærri verk.

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrar- kostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%. Sértekjur hljómsveitarinnar koma fyrst og fremst frá miðasölu, tónleikaþóknunum og styrkjum.

## Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stjórn SÍ var skipuð til fjögurra ára í nóvember 2014 og var skipunartími hennar til 13. nóvember 2018 en var þá framlengt til vors 2019.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands skipa Sigurbjörn Þorkelsson, formaður stjórnar, skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Friðjón R. Friðjónsson, varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Oddný Sturludóttir, tilnefnd af Reykjavíkurborg, Bryndís Pálsdóttir, fulltrúi SMFSÍ og Jens Garðar Helgason, skipaður af fjár- mála- og efnahagsráðuneytinu.

Varamenn eru Óttar Guðjónsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svanhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af mennta- og menningar- málaráðuneytinu, Sigurjón Kjartansson, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Bryndís Björgvinsdóttir, tilnefnd af SMFSÍ og Helga Árnadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Á starfsárinu hélt stjórn hljómsveitarinnar sex stjórn- arfundi.

## Rekstur

Rekstur hljómsveitarinnar hefur verið samkvæmt áætlunum síðustu fimm fjárhagsár og er stofnunin skuldlaus við ríkissjóð. Stefna hljómsveitarinnar hefur verið að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi og fara í tónleikaferðir út fyrir landsteinana. Er það bæði mikilvægur vettvangur fyrir hljómsveitina að sýna sig og sanna í hinum alþjóðlega heimi en ekki síður til að kynna íslenska menningu sem er dýrmæt land- kynning. Ljóst er að eftirspurn eftir hljómsveitinni hefur aukist gríðarlega og tækifærum til tónleikaferða hefur fjölgað.

## Aðalstjórnandi

2018/19 var síðasta starfsár Yan Pascal Tortelier í stöðu aðalhljómsveitarstjóra SÍ og lauk þar með þriggja ára samningi hans. Hljómsveitin mun þó fara með Tortelier í tónleikaferð til Bretlands í febrúar á næsta starfsári 2019/20 og halda átta tónleika í mörgum af helstu tónleikahúsum Bretlands. Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen var ráðin í stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Stjórn SÍ skrifaði undir samning við Ollikainen á vormánuðum en hún tekur formlega við stöðunni í byrjun starfsársins 2020/21. Áður mun hún stjórna tvennum tónleikum með hljómsveitinni á næsta starfsári, þar á meðal 70 ára afmælistónleikum SÍ í mars 2020. Ollikainen er ráðin til fjögurra ára og mun stjórna hljómsveitinni að jafnaði í átta vikur á hverju starfsári. Auk þess mun hún stýra hljómsveitinni á fyrirhuguðum tónleikaferð- um innanlands sem utan. Eva Ollikainen hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim fyrir innblásna hljómsveitarstjórn. Hún nam hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula og Leif Segerstam í Sibeliusar-akademí- unni. Ollikainen hefur m.a. stjórnað Útvarpshljóm-

---

sveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníu-  
sveitunum í Stokkhólmi og Turku, Tapiola-  
sinfóníettunni og sinfóníuhljómsveitunum í Helsing-  
borg, Lahti, Berlín og Vín. Hún stjórnaði SÍ fyrst  
haustið 2005 og þrisvar á áskriftartónleikum á  
árunum 2007-10, og nú síðast tvennum tónleikum  
í Hörpu 2019.

### **Aðalgestastjórnandi og heiðurshljómsveitarstjóri**

Osmo Vänskä er heiðurshljómsveitarstjóri SÍ og  
gegnir jafnframt stöðu aðalgestastjórnanda út þetta  
starfsár. Vänskä stjórnaði tvennum tónleikum á  
starfsárinu. Á starfsárinu var Daníel Bjarnason var  
ráðinn í stöðu aðalgestastjórnanda og tekur hann við  
stöðunni í upphafi starfsársins 2019/20. Daníel mun  
þá stjórna þrennum tónleikum í Eldborg og stjórna  
hljómsveitinni á tónleikaferðalagi hennar til Þýska-  
lands og Austurríkis í nóvember 2019.

### **Aðalheiðursstjórnandi**

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi hljóms-  
veitarinnar. Í nóvember 2018 fór hljómsveitin í  
tónleikaferð til Japans undir stjórn Ashkenazy og lék  
þar á 12 tónleikum fyrir tæplega 24.000 gesti. Ein-  
leikari var hinn heimsþekkti japanski píanóleikari  
Nobuyuki Tsujii. Ferðin heppnaðist í alla staði mjög  
vel og var leikið fyrir fullum sal í 11 borgum.

### **Staðartónskáld**

Anna Þorvaldsdóttir er staðartónskáld hljómsveitar-  
innar en hún tók við stöðunni um mitt starfsár  
2017/18 Anna gegnir margþættu hlutverki í starfi  
hljómsveitarinnar en auk þess að semja ný verk til  
flutnings fyrir SÍ, situr hún í verkefnavalsnefnd og er í  
forsvari fyrir tónskáldastofuna Yrkju sem miðar að því  
að veita ungum tónskáldum reynslu í að semja fyrir  
hljómsveit.

Verkið AIÖN með tónlist eftir Önnu Þorvaldsdóttur  
var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og  
Íslenska dansflokknum í maí 2019 í Tónlistarhúsinu  
í Gautaborg. Flutningurinn hlaut frábærar viðtökur.  
AIÖN er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins,  
Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar og Sinfóníuhljóm-  
sveitar Íslands sem flytur verkið á næsta starfsári.

### **Aðstoðarhljómsveitarstjóri**

Bjarni Frímánn Bjarnason tók í upphafi starfsársins við  
stöðu aðstoðarhljómsveitarstjóra og er hann ráðinn til  
tveggja ára. Sem slíkur gegnir hann fjölþættu hlut-  
verki og tekur að sér stór og minni verkefni, fyrst og  
fremst á stjórnendapallinum, en einnig í öðru listrænu  
starfi hljómsveitarinnar svo sem í verkefnavalsnefnd.  
Bjarni Frímánn stjórnaði 8 tónleikum og einni hljóð-  
upptöku á starfsárinu en auk þess hljóp hann óvænt í  
skarðið vegna forfalla aðalhljómsveitarstjóra og  
stjórnaði tvennum áskriftartónleikum 21. mars  
og 16. maí 2019.

### **Framkvæmdastjóri**

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri SÍ lét  
af störfum undir lok starfsársins þegar hún tók við  
framkvæmdastjórn þjóðarhljómsveitar Kanada í  
Ottawa. Við tók framkvæmdastjórn sem sá um  
daglegan rekstur frá 1. maí - 31. júlí. Í þeirri fram-  
kvæmdastjórn sátu Anna Sigurbjörnsdóttir tón-  
leikastjóri, Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og  
kynningarstjóri og Una Eypórsdóttir mannauðsstjóri.  
Stjórn SÍ réði Láru Sóley Jóhannsdóttur í stöðu  
framkvæmdastjóra. Hennar fyrsta verkefni var að  
ganga frá samningum við nýjan aðalhljómsveitarstjóra  
en hún tók formlega til starfa í 1. ágúst 2019.



## 2. Starfsemi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt 86 tónleika á starfsárinu auk annarra viðburða sem voru 42 talsins.

### Áskriftarraðir

Áskriftaraðir SÍ voru með sama móti og verið hefur undanfarin ár. Margir frábærir listamenn komu fram á áskriftartónleikum starfsársins og má þar t.d. nefna hljómsveitarstjórana Klaus Mäkelä, Antonio Méndez og Edo de Waart. Eva Ollikainen verðandi aðalhljóm-sveitarstjóri sótti okkur heim eftir nokkurra ára hlé og heiðursstjórnandi SÍ, Osmo Vänskä, stjórnaði hljóm-sveitinni á tvennum eftirminnilegum tónleikum.

Í glæsilegum hópi einleikara voru t.d. píanóleikararnir Jan Lisiecki, Nobuyuki Tsujii, Nikolai Lugansky og Jean-Yves Thibaudet, fiðluleikarinn Isabelle Faust og söngkonan Véronique Gens.

### Tónleikar utan áskriftar

Af tónleikum utan raða má nefna ferna tónleika með þungarokkssveitinni Skálmöld í upphafi starfsárs. Var þar orðið við fjölda áskorana um að endurtaka leikinn frá því í nóvember 2013 þegar sveitirnar tvær leiddu saman hesta sína í fyrsta sinn. Klassíkin okkar hélt áfram göngu sinni og uppselt var á þrenna tónleika uppistandarans Ara Eldjárn í september. Þann 1. desember tók SÍ þátt í hátíðartónleikum í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Í desember var kvikmyndin Síðasti bærinn í dalnum sýnd í Eldborg við lífandi hljóðfæraleik hljómsveitarinnar og var tilefnið að 100 ár voru liðin frá fæðingu tónskáldsins Jórunnar Viðar. Einnig voru haldnir þrennir bíótónleikar í byrjun apríl þar sem kvikmyndin Star Wars var sýnd við góðar undirtektir. Ungir einleikarar voru á sínum stað í janúar og í mars hélt SÍ tónleika þar sem eingöngu voru leikin hljómsveitarverk eftir íslensk tónskáld. Af öðrum tónleikum utan áskrifta má nefna

Tegund	Tónleikar	Endurtekning	Samtals
Rauð tónleikaröð	7	0	7
Gul tónleikaröð	7	0	7
Græn tónleikaröð	5	3	8
Litli tónsprotinn	4	4	8
Föstudagsröðin	2	0	2
Tónleikar utan raða	17	17	34
Ballettsýning	1	3	4
Skólatónleikar	5	11	16
Tónleikar fyrir eldri borgara	2	0	2
	<b>50</b>	<b>38</b>	<b>88</b>

þátttöku SÍ í hátíðum og ýmis samstarfsverkefni sem getið er hér á eftir.

### Samstarf við Hörpu:

Í nóvember 2018 lék Sinfóníuhljómsveitin undir hjá St. Petersburg Festival Ballett í flutningi á Hnotubrjótnum eftir Tsjajkovskíj undir stjórn Vadim Nikitin. Þetta var fimmta árið í röð þar sem efnt var til slíks samstarfs og að þessu sinni voru sýningar alls fjórar.

**Menningarnótt í Reykjavík:** Á Menningarnótt hélt hljómsveitin tvö tónleika fyrir opnu húsi í Eldborg. Á fjölskyldutónleikunum var leikið úrval úr dagskrá Litla tónsprotans undir stjórn Bjarna Frímans Bjarnasonar. Á seinni tónleikunum hljómuðu kaflar úr nokkrum meistaraverkum tónlistarsögunnar sem síðan voru flutt í heild sinni síðar á starfsárinu. Hljómsveitarstjóri var Klaus Mäkelä sem er þrátt fyrir ungan aldur orðinn meðal eftirsóttustu hljómsveitarstjóra heims.

---

**Myrkir músíkdagar:** Daníel Bjarnason stjórnaði verkum eftir 5 íslensk tónskáld en þau voru; Anna Þorvaldsdóttir, Þuríður Jónsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Veronique Vaka og María Huld Markan Sigfúsdóttir. Einleikarar voru Hallfríður Ólafsdóttir, Martin Kuuskman og Mario Caroli.

Yrkja, samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fór nú fram í fjórða sinn. Valin voru tvö ung tónskáld, Haukur Þór Harðarson og Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir, sem unnu undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds. Tónskáldin fá vinnuáðstöðu í Hörpu og aðgang að hljómsveitinni auk þess sem verkin eru spiluð í svokölluðum tónskáldastofum á meðan á vinnuferlinu stendur. Afraksturinn var fluttur á opnum uppskerutónleikum í Norðurljósum á Myrkum músíkdögum.

### Tónleikaferðir

Á starfsárinu fór Sinfóníuhljómsveit Íslands í eina af sínum stærstu tónleikaferðum til þessa þegar haldið var í nær þriggja vikna ferð til Japan í nóvember.

Vladimir Ashkenazy aðalheiðursstjórnandi hljómsveitarinnar var við stjórnvölinn í ferðinni og einleikari var hinn japanski Nobuyuki Tsujii. Í Japan hélt hljómsveitin 12 tónleika vítt og breitt um landið og var uppselt á þá alla.





### 3. Fræðslustarf

Fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Hljómsveitin stendur áfram fyrir fjölskyldu-tónleikaröðinni Litla tónsprotanum, þar sem markvisst er unnið að því að gefa tónleikagestum gæðastundir innan og utan tónleikasalar með listasmíðjum og tónlistaratriðum í opnum rýmum.

Barnastundir hljómsveitarinnar hafa nú öðlast fastan sess í Norðurljósasal Hörpu. Stundirnar njóta hylli þeirra allra yngstu sem kynnast heimi tónlistarinnar á sínum forsendum í barnvænum aðstæðum.

Nemendur allt frá leikskólaaldri að framhaldsskóla nýta sér boð hljómsveitarinnar á skólatónleika, og kynningar þar sem ljósi er varpað á starfsemi hljómsveitarinnar. Á síðasta starfsári heimsóttu um 16.000 nemendur hljómsveitina heim og streymt var til skóla um land allt frá einum tónleikum.

Fræðslustjóri SÍ tók auk þess á móti nemendum í fjölda starfskynninga og var með kynningar um starf hljómsveitarinnar fyrir minni skólahópa. Einnig býður hljómsveitin MÍT og LHÍ, í samvinnu við listamenn, upp á meistaranámskeið.

Í september 2018 lék Ungsveit SÍ Viatore eftir Peteris Vasks og sífóníu nr. 5 eftir Shostakovitsj undir stjórn Daniels Raikin. Um 90 ungmenni tóku þátt í verkefningu. Vegna ónægðar þátttöku varð að fella niður flutning á verkinu HandsFree eftir Önnu Meredith á Myrkum músíkdögum. Í kjölfar þess var farið í gagnagerar breytingar á æfingafyrirkomulagi Ungsveitarinnar í samvinnu við MÍT og fleiri.

Líkt og ár hvert hélt hljómsveitin í samvinnu við Listaháskóla Íslands keppni fyrir unga einleikara og einsöngvara og þar komu sigurvegarar fram á sérstökum tónleikum með hljómsveitinni.

Frá árinu 2014 hefur Sífóníuhljómsveit Íslands verið í samstarfi við skólahljómsveitir í Reykjavík og nágrenni til að vekja athygli á og styðja við það frábæra uppeldis- og menntunarstarf sem þar fer fram. Skólahljómsveit Austurbæjar var samstarfsaðili Sífóníuhljómsveitarinnar starfsárið 2018/19.

Tónleikakynningar fyrir áskriftartónleika hljómsveitarinnar, í samvinnu við Vínafélag SÍ, njóta sívaxandi vinsælda. Umsjón með kynningum höfðu Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur, Halla Oddný Magnúsdóttir, dagskrárgerðarmaður, Sigurður Ingvi Snorrason, klarínnettuleikari og Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknardósent á Árnastofnun.

#### Skólatónleikar og fræðslustarf

Tegund	Tónleikar	Endurtekning	Samtals	Gestir
Framhaldsskólatónleikar	1	1	2	2.150
Leik- og grunnskólatónleikar	4	10	14	13.043
Skólahópar/Starfskynningar				171
Ungsveitarnámskeið				90
Samtals				15.454



## 4. Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2018/19 var 105.920 og er það um 27% aukning í fjölda gesta frá fyrra starfsári, og eru þá taldir gestir á öllum tónleikum hljómsveitarinnar heima og erlendis, ásamt skólatónleikum og fjölbreyttum samstarfsverkefnum (sjá töflu bls. 43). Hljómsveitin hefur aldrei áður spilað fyrir fleiri gesti á einu starfsári en það kemur meðal annars til vegna tónleikaferðar sveitarinnar til Japan þar sem hún lék fyrir um 24.000 gesti.


Heildarfjöldi seldra miða var um 60.000 sem er 9,4% söluaukning frá starfsárinu á undan. Aukningin var bæði í sölu lausamiða og áskriftarmiða sbr. töflu um þróum miðasölu. Vinsælir tónleikar í upphafi starfsárs voru endurteknir, má þar nefna Skálmöld og Sinfó og Uppistand með Ara Eldjárn. Miðasala í Japan og á ballettinn í Hörpu eru ekki inni í miðasölutölum Sí þar sem miðasala var í höndum samstarfsaðila.

Áfram var lögð áhersla á að markaðssetja áskriftaraðir og Regnbogakort með útgáfu bæklinga og birtingu auglýsinga á fjölbreyttum miðlum þar sem starfsárið er kynnt í heild sinni. Auk þess að auglýsa áskrift sem er helsta auglýsingaherferð Sí á árinu eru einstakir tónleikar auglýstir allan veturinn efir því sem þurfa þykir. Áhersla var á rafræna markaðssetningu líkt og síðustu ár og auglýsingar birtar á netinu í auknum mæli. Einnig er birt ýmislegt áhugavert efni á samfélagsmiðlum m.a. myndbönd frá tónleikum sveitarinnar sem og fræðsluefni ásamt viðtölum við listafólk. Aukning á heimsóknum á vef hljómsveitarinnar var 22% á milli starfsára og eru heimsóknir nú 188.096 á ári. Heimsóknir hafa rúmlega tvöfaldast frá því að nýr vefur var settur í loftið 2016 og var hann valinn Vefur

ársins á Íslensku vefverðlaununum það ár. Fylgjendum fjölgar milli starfsára á samfélagsmiðlum Sinfóníunnar.

Sí tók þátt í vörumerkjumælingu Gallup að hausti 2019. 98% svarenda þekkja vörumerki Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem er svipað og fyrri ár. Þeim fjölgar þó í hópi þeirra sem þekkir vörumerkið mjög vel á kostnað þeirra sem þekkja það mjög illa. Áhugavert að sjá að tiltölulega lítil munur er á ímynd eftir aldurshópum..

### Þróun fjölda tónleikagesta



### Þróun í miðasölu

	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17	'17/'18	'18/'19
<b>Heildarsala</b>	56.950	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614	56.550	60.001
- Utan áskriftar	33.211	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588	35.752	39.062
- Innan áskriftar	23.739	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026	20.798	20.932
<b>Hlutfall áskrifta</b>	41,7%	38%	40%	38%	37%	37%	37%	35%

---

## Úr tónleikasal

Samstarf við Ríkisútvarpið er mjög mikilvægt til að ná til áheyrenda um land allt. Rás 1 tók upp 30 tónleika á starfsárinu og af þeim var 22 tónleikum útvarpað beint. Upptökurnar eru ávalt aðgengilegar í Spilarunum á ruv.is næstu 10 vikur. Rás 1 sendir einnig út mjög áhugavert dagskrárefni í tengslum við tónleikana svo sem þáttinn Á leið í tónleikasal. RÚV sjónvarpaði beint frá Klassíkinni okkar líkt og undanfarin ár og sendu einnig beint frá Fullveldistónleikum 1. desember. Þá gerði RÚV heimildarmynd um ferðina til Japans og fylgdu dagskrárgerðarmenn hljómsveitinni í ferðinni og gerðu áhugaverðan og skemmtilegan þátt sem sýndur var fljótlega eftir að hljómsveitin kom heim.

Sýrland tók upp valda tónleika fyrir SÍ og var þremur þeirra streymt beint á vef hljómsveitarinnar og einum skólatónleikum var streymt beint til grunnskóla á landsbyggðinni. Valdir kaflar frá tónleikum eru síðan aðgengilegir á vef SÍ og Youtube-rás hljómsveitarinnar. Þá voru fernir aðrir tónleikar teknir upp til vörslu og brot frá þeim sýnd á samfélagsmiðlum.

Japanska sjónvarpsstöðin BS Fuji gerði þátt um komu Nobu til Íslands vorið 2018 og tók upp fjölbreytt efni á ferð hans hér á landi. Þeir tóku einnig upp tónleikana í Eldborg. Þátturinn var sýndur í styttri útgáfu í sjónvarpi í Japan haustið áður en hljómsveitin fór í ferðina en var sýndur í lengri útgáfu eftir að ferðinni lauk. Ljóst er að þættirnir voru gríðarleg landkynning fyrir Ísland.



---

## 5. Mannauðsmál

Á starfsárinu 2018/19 störfuðu um 114 fastir starfsmenn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og fékk hljómsveitin um 100 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig í valin verkefni. Haldin voru tíu hæfnispróf á starfsárinu og þrjú aukamannahæfnispróf.

Auk þess voru níu ráðningaferli til viðbótar í vinnslu þetta starfsár. Á skrifstofunni voru ráðnir 4 nýir starfsmenn.

Mikill undirbúningur var fyrir ferð hljómsveitarinnar til Japans í nóvember en þá fóru 95 starfsmenn í 3ja vikna hljótleikaferð víðs vegar um Japan og héldu 12 tónleika. Með í ferð var sjúkraþjálfari til þess að tryggja sem bestan aðbúnað fyrir hljóðfæraleikara.

Áhersla vetrarins var áfram heilsa starfsmanna og lögð var sérstök áhersla á heyrnavarnir. Fastráðnum hljóðfæraleikurum voru boðnar sérsníðaðar heyrnavarnir þeim að kostnaðarlausu. Þessi vinna heldur áfram næsta starfsár. Vínafélag SÍ styrkti hljómsveitina í kaupum á þessum vörnum.

Haldið var áfram að leggja áherslu á góð og uppbyggileg samskipti milli starfsmanna og liðsheild, enda er það á ábyrgð allra innan SÍ að stuðla að góðum samskiptum og starfsanda á vinnustaðnum. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ.

Kynnt var niðurstaða skoðanakönnunar og viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldis á vinnustað en Sinfóníuhljómsveit Íslands tók þátt í rafrænni könnun sem unnin var fyrir SAVÍST - Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist.

Starfsárinu lauk með því að starfsfólk fjölmennti við Vífilstaðavatn í Skógrægt SÍ og gróðursetti plöntur sem hugsaðar voru sem kolvetnisjöfnun vegna Japansferðarinnar.

---

**Kyngreindar upplýsingar v. starfsársins 2018-19.  
(hljómsveitarstjórar, einleikarar, tónskáld)**

**Hljómsveitarstjórar**

Konur: 4  
Karlur: 18

**Íslenskir einleikarar og einsöngvarar**

Konur: 8  
Karlur: 14

**Íslenskir sögumenn, kynnar o.fl.**

Konur: 9  
Karlur: 7

**Táknmálstúlkar**

Konur: 2

**Íslensk tónverk**

Eftir kventónskáld: 23  
Eftir karltónskáld: 46

**Erlend tónverk**

Eftir kventónskáld: 4  
Eftir karltónskáld: 114

---

**Kynjahlutfall starfsfólks starfsárið 2018-19**

	<b>Allir</b>	<b>%</b>	<b>Konur</b>	<b>%</b>	<b>Karlur</b>	<b>%</b>
Fastir hljóðfæraleikarar	99	100%	52	53%	47	47%
Skrifstofa	14	100%	10	71%	4	29%
Lausráðnir	116	100%	51	44%	65	56%

---

**Miðakaupendur á tónleika SÍ samkvæmt miðasöluvef tix.is:**

Konur 53%  
Karlur 34%  
Óþekkt 13%





## 6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2018-19

### Hljómsveitarstjórar

Anna-Maria Helsing  
Antonio Mendez  
Bernharður Wilkinson  
Bertrand de Billy  
Bjarni Frímann Bjarnason  
Christian Kluxen  
Daníel Bjarnason  
Dirk Vermeulen  
Edo de Waart  
Eivind Aadland  
Eva Ollikainen  
Klaus Mäkelä  
Ligia Amadio  
Maxime Tortelier  
Noam Aviel  
Osmo Vänskä  
Petri Sakari  
Ted Sperling  
Tung-Chieh Chuang  
Vadim Nikitin  
Vladimir Ashkenazy  
Yan Pascal Tortelier

### Ungsveit Sinfóníu- hljómsveitar Íslands

Daniel Raiskin

### Íslenskir einleikarar

#### og einsöngvarar

Anna Guðny Guðmundsdóttir, píanó  
Ari Þór Vilhjálmsson, fiðla  
Baldvin Oddsson, trompet  
Einar Jóhannesson, klarinett  
Emilía Rós Sigfúsdóttir, flauta  
Guðbjartur Hákonarson, fiðla  
Hallfríður Ólafsdóttir, flauta  
Hallveig Rúnarsdóttir, söngur  
Harpa Ósk Björnsdóttir, söngur  
Hildigunnur Einarsdóttir, söngur  
Hjörtur Páll Eggertsson, selló  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, söngur  
Jóna G. Kolbrúnardóttir, söngur  
Judith Ingólfsson, fiðla  
Katie Buckley, harpa  
Lilja Hákonardóttir, flauta  
Nanna Guðmundsdóttir, harpa  
Nicola Lolli, fiðla  
Nimrod Ron, túba  
Ragna Kjartansdóttir/Cell7, rappari  
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla  
Sigurgeir Agnarsson, selló  
Silja Elsabet Brynjarsdóttir, söngur  
Sveinn Dúa Hjörleifsson, söngur  
Sæunn Þorsteinsdóttir, selló  
Vera Panitch, fiðluleikara  
Valgerður Guðnadóttir, söngur  
Þóra Einarsdóttir, söngur

### Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Andreas Brantelid, selló  
Charlotte Hellekant, söngur  
Denis Kozhukhin, píanó  
Felicia Greciuc, óbó  
Isabelle Faust, fiðla  
Jan Lisiecki, píanó  
Jean-Yves Thibaudet, píanó  
Mario Caroli, flauta  
Martin Kuuskmann, fagott  
Nikolai Lugansky, píanó  
Nobuyuki Tsujii, píanó  
Renaud Capuçon, fiðla  
Richard Goode, píanó  
Sayaka Shoji, fiðla  
Varna Nielsen, trommudansari  
Véronique Gens, söngur

### Kynnir, sögumenn, leikarar og táknmálstúlkar

Ari Eldjárn, kynnir/uppistand  
Ástbjörg Rut Jónsdóttir, túlkur  
á táknmáli  
Bernd Ogrodnik, brúðugerðameistari  
Brynhildur Guðjónsdóttir,  
sögumaður/söngvari  
Eyrún Helga Aradóttir, táknmálstúlkur  
Guðni Tómasson, kynnir  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir  
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir

---

Unnur Eggertsdóttir, sögumaður  
Hjördís Ástráðsdóttir, kynnir  
Katrín Halldóra Siguðardóttir, kynnir  
Kolbrún Völkudóttir, söngur á táknmáli  
Kristín Þóra Haraldsdóttir, leikkona  
Nicholas Candy, leikari  
Orri Huginn Ágústsson, leikari  
Þórunn Arna Kristjánsdóttir, sögumaður  
Sigurður Þór Óskarsson, leikari  
Unnsteinn Manuel Stefánsson, sögumaður/söngvari

#### **Kórar, tónlistar- og danshópar**

Barnakór Kársnesskóla,  
Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri  
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar,  
Karen Janine Sturlaugsson stjórnandi  
Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Guðmundur  
Helgason og Asako Ichihashi danshöfundar  
Gradualekór Langholtskirkju,  
Þorvaldur Örn Davíðsson kórstjóri  
Graduale Nobili, Þorvaldur Örn Davíðsson kórstjóri  
Hamrahlíðarkórinn, Þorgerður Ingólfssdóttir  
Kammerkórinn Hymnodia,  
Eyþór Ingi Jónsson kórstjóri  
Karlakór Reykjavíkur, Friðrik S. Kristinsson kórstjóri  
Karlakórinn Fóstbræður, Árni Harðarson kórstjóri  
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð,  
Hreiðar Ingi Þorsteinsson kórstjóri

Litlu sprotarnir, táknmálakór, Hjördís A. Haraldsdóttir  
og Laila M. Arnþórsdóttir kórstjórar  
Málmblásarahópur, Vilborg Jónsdóttir stjórnandi  
Nemendur úr Skólahljómsveit Austurbæjar,  
Vilborg Jónsdóttir stjórnandi  
Strokkvartettin Siggí  
Schola Cantorum, Hörður Áskelsson kórstjóri  
Skálmöld  
Skólakór Kársness, Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri  
Söngsveitin Fílharmónía,  
Magnús Ragnarsson kórstjóri  
St. Petersburg Festival Ballet  
Stúlknakór Reykjavíkur, Margrét J. Pálmadóttir



## 7. Tónleikar starfsárið 2018-19

### Áskriftartónleikar

#### Gul tónleikaröð

##### 13. september 2018 – Sumarnætur

- Felix Mendelssohn: Draumur á Jónsmessunótt, forleikur
- Hector Berlioz: Les nuits d'été
- Richard Strauss: Serenada fyrir blásara
- Richard Strauss: Dauði og uppljómun  
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri  
Véronique Gens, einsöngvari

##### 18. október 2018 – Lisiecki spilar Schumann

- Olivier Messiaen: Les ouffrandes oubliées
- Robert Schumann: Píanókonsert
- Josef Suk: Ævintýri (Pohádka)  
Bertrand de Billy, hljómsveitarstjóri  
Jan Lisiecki, einleikari

##### 24. janúar 2019 – Bernstein og Villa-Lobos

- Heitor Villa-Lobos: Bachianas Brasileiras nr. 7
- Jón Ásgeirsson: Flautukonsert (frumflutningur)
- Leonard Bernstein: Sinfónískir dansar úr West Side Story  
Ligia Amadio, hljómsveitarstjóri  
Emilía Rós Sigfúsdóttir, einsöngvari

##### 21. febrúar 2019 – Vorblótið

- Arvo Pärt: Fratres
- Daníel Bjarnason: Bow to String
- Ígor Stravinskíj: Vorblótið  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari

##### 28. mars 2019 – Mendelssohn og Beethoven

- Malcolm Sargent: Impression on a Windy Day
- Felix Mendelssohn-Bartholdy: Fiðlukonsert
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 7  
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri  
Judith Ingólfsson, einleikari

##### 16. maí 2019 – Brahms og Bjarni Frímann

###### (héttu áður: Brahms og Tortelier)

- Emmanuel Chabrier: España
- Johannes Brahms: Konsert fyrir fiðlu og selló
- Louise Farrenc: Sinfónía nr. 3
- Johannes Brahms: Akadémskur hátíðarforleikur  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Ari Þór Vilhjálmsson, einleikari  
Sigurgeir Agnarsson, einleikari

##### 6. júní 2019 – Richard Goode spilar Mozart

- John Adams: Short Ride in a Fast Machine
- Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókonsert í C-dúr, KV 503
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 1  
Edo de Waart, hljómsveitarstjóri  
Richard Goode, einleikari

#### Rauð tónleikaröð

##### 6. september 2018 – Ravel og Bartók

- Hector Berlioz: Ungverskur mars
- Béla Bartók: Fiðlukonsert nr. 2
- Maurice Ravel: Trío í a-moll (úts. Tortelier)
- Maurice Ravel: Bolero  
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri  
Renaud Capuçon, einleikari

### **11. október 2018 – Tsjajkovskij og Shostakovitsj**

- Leonard Bernstein: Candide Forleikur
- Pjotr Tsjajkovskij: Fiðlukonsert
- Dmitrj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10  
Klaus Mäkelä, hljómsveitarstjóri  
Sayaka Shoji, einleikari

### **25. október 2018 – Nobu og Ashkenazy**

- Þorkell Sigurbjörnsson: Jökulljóð
- Sergei Rakhmanínov: Píanókonsert nr. 2
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2  
Vladimir Ashkenazy, hljómsveitarstjóri  
Nobuyuki Tsujii, einleikari

### **7. febrúar 2019 – Prokofiev og Brahms**

- Atli Heimir Sveinsson: Örmsá eilífðarbrot
- Sergei Prokofiev: Píanókonsert nr. 2
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 4  
Antonio Mendez, hljómsveitarstjóri  
Denis Kozhukhin, einleikari

### **28. febrúar 2019 – Brantelid leikur Elgar**

- Jórunn Viðar: Eldur
- Edward Elgar: Sellókonsert  
Witold Lutosławski: Sinfónía nr. 3  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Andreas Brantelid, einleikari

### **11. apríl 2019 – Isabelle Faust og Mahler**

- Johannes Brahms: Fiðlukonsert
- Gustav Mahler: Sinfónía nr. 10  
Osma Vänskä, hljómsveitarstjóri  
Isabelle Faust, einleikari

### **23. maí 2019 – Thibaudet og Beethoven**

- Kaija Saariaho: Ciel d'hiver
- James MacMillan: Píanókonsert nr. 3 (frumflutningur á Íslandi)

- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 3  
Osma Vänskä, hljómsveitarstjóri  
Jean-Yves Thibaudet, einleikari

### **Græn tónleikaröð**

### **20. september 2018 – Þóra syngur Strauss**

- Richard Strauss: Ævintýri Uguluspegils
- Richard Strauss: Fjórir síðustu söngvar
- Pjotr Tsjajkovskij: Sinfónía nr. 5  
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri  
Þóra Einarsdóttir, einsöngvari

### **6. desember 2018 – Aðventutónleikar 2018**

- Jean-Philippe Rameau: Les Indes Galantes, svíta
- Johann Sebastian Bach: Brandenburgarkonsert nr. 2
- Wolfgang Amadeus Mozart:  
Sinfónía nr. 38 (Prag-sinfónían)  
Dirk Vermeulen, hljómsveitarstjóri  
Baldvin Oddsson, Hallfríður Ólafsdóttir,  
Felicia Greciuc, Nicola Lolli, einleikarar

### **10. janúar 2019 – Vínartónleikar 2019**

#### **(endurteknir 11. janúar kl. 19:30 og 12. janúar kl. 16:00 og 19:30)**

- Johann Strauss II: Leðurblakan (forleikur)
- Johannes Brahms: Ungverskur dans nr. 6
- Johann Strauss II: Klänge der Heimat („Csardas“ úr Leðurblökunni)
- Emmerich Kálmán: Heut Nacht' hab ich geträumt von dir
- Johann Strauss II: Unter Donner und Blitz
- Franz Léhar: Sind Sie von Sinnen, Herr Baron
- Johann Strauss II: Keisaravalsinn
- Johann Strauss II: Sígaunabaróninn (forleikur)
- Franz Léhar: Wie eine Rosenknospe
- Franz Lehár: Meine Lippen, sie küssen so heiss
- Hans Christian Lumbyé: Kampavíngalopp
- Richard Heuberger: Geh'n wir ins Chambre Separée

- Johann Strauss II: Dónárvals
- Franz Lehár: Lippen schweigen (aukalag)
- Johann Strauss I: Radetzky-mars (aukalag)  
Christian Kluxen, hljómsveitarstjóri  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað og Sveinn Dúa Hjörleifsson, einsöngvarar

### 21. mars 2019 – Hellekant og Bjarni Frímann (héttu áður: Von Otter og Tortelier)

- Wolfgang Amadeus Mozart/Atli Heimir Sveinsson:  
Alla turca etc.
- Joseph Canteloube: Söngvar frá Auvergne
- Georges Bizet: Sinfónía í C-dúr  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Charlotte Hellekant, einsöngvari  
Einar Jóhannesson, einleikari

### 9. maí 2019 – Lugansky spilar Grieg

- Giuseppe Verdi: Forza del destino, forleikur
- Edvard Grieg: Píanókonert
- Sergei Prokofjev: Rómeó og Júlía (valdir kaflar)  
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri  
Nikolai Lugansky, einleikari

## Föstudagsröðin

### 1. mars 2019 – Tjáning tregans

- Joan Tower: In Memory (Strokkvartettinn Siggi)
- Edward Elgar: Sellókonert  
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri  
Andreas Brantelid, einleikari  
Strokkvartettinn Siggi

### 29. mars 2019 – Dansandi sinfónía

- Bergrún Snæbjörnsdóttir: Skin In (frumflutningur)
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 7  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri

## Litli tónsprotinn

### 6. október 2018 – Maxi fer á fjöll

- Hallfríður Ólafsdóttir: Lagið hans Maxa
- Tryggvi M. Baldvinsson:  
Hátíðargjall fyrir einstaka mús
- Jórunn Viðar: Ólafur Liljurós – tvö brot
- Anna Þorvaldsdóttir: Hrím – brot úr verkinu
- Haukur Tómasson: Storka – brot úr verkinu
- Jón Ásgeirsson: Tröllaslagur
- Gunnsteinn Ólafsson:  
Þýtur í straum – Íslensk þjóðlög
- Bára Grímsdóttir: Laumufarþegarnir
- Daníel Bjarnason: Collider – brot úr verkinu  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Unnur Eggertsdóttir, sögumaður

### 15. desember 2018 – Jólatónleikar

#### (endurteknir 15. desember kl. 16:00

#### og 16. desember kl. 14:00 og 16:00)

- Gunnar Þórðarson: Jólaforleikur  
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Jórunn Viðar: Jól (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Ingibjörg Þorbergs: Jólakötturinn  
(úts. Þuríður Jónsdóttir)
- Jórunn Viðar: Það á að gefa börnum brauð  
(úts. Hildigunnur Rúnarsdóttir)
- Gunnar Þórðarson: Óður til jólanna  
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Friðrik Bjarnason: Jólasveinar ganga um gólf  
(úts. Diddi fiðla)
- Guðni Franzson: Jólin koma
- Franz Gruber: Heims um ból  
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)  
Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri  
Katrín Halldóra Sigurðardóttir  
(Trúðurinn Hildur), kynnir  
Valgerður Guðnadóttir  
og Kolbrún Völkudóttir, einsöngvarar

---

Eyrún Helga Aradóttir, táknmálistúlkur  
Lilja Hákonardóttir, einleikari  
Nanna Guðmundsdóttir, einleikari  
Stúlknakór Reykjavíkur, Margrét J. Pálmadóttir  
kórstjóri  
Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Guðmundur  
Helgason danshöfundur  
Bjöllukór Tónlistarskóla Íslands, Karen Janine  
Sturlaugsson stjórnandi  
Málmblásarahópar, Vilborg Jónsdóttir stjórnandi  
Litlu sprotarnir, táknmálskór, Hjördís A. Haralds-  
dóttir og Laila M. Arnþórsdóttir kórstjórar

**16. febrúar 2019 kl. 14 – Pétur og Úlfurinn  
(endurteknir 16. febrúar kl. 16:00)**

- Leopold Mozart: Leikfangasinfónían, 1. kafli
- Sergei Prokofiev: Pétur og úlfurinn
- Maurice Ravel: Bolero (stytt útgafa)  
Maxime Tortelier, hljómsveitarstjóri  
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir  
Bernd Ogronnik, brúðugerðameistari  
Emil Davíðsson, Ægir Karlsson, Baldur Kári Malsch  
Atlason, Árdís Freyja Sigríðardóttir, Freyja Hólm  
Ólafsdóttir, Ranneig Gréta Gautsdóttir:  
Nemendur úr Skólahljómsveit Austurbæjar

**4. maí 2019 – Strákurinn og slikerið**

- Jóhann G. Jóhannsson: Strákurinn og slikerið  
Noam Aviel, hljómsveitarstjóri  
Brynhildur Guðjónsdóttir söngvari  
Unnsteinn Manuel Stefánsson söngvari  
Stúlknakór Reykjavíkur, Margrét J. Pálmadóttir  
kórstjóri

**Ýmsir tónleikar**

**18. ágúst 2018 kl. 15:00 – Menningarnótt:**

**Fjölskyldutónleikar**

- Wolfgang Amadeus Mozart: Tyrkneskur mars  
(úr Píanósónötu í A-dúr, KV 331)
- Gunnstein Ólafsson: Þjóðlagasyrpa  
(úr „Maxi fer á fjöll“)
- Jórunn Viðar: Ólafur Liljurós, valinn kafli
- Edmund Angerer: Leikfangasinfónían, 1. kafli
- Jóhann G. Jóhannsson: Tvö lög úr „Strákurinn  
og slikerið“
- Sigvaldi Kaldalóns: Á Sprengisandi
- Julius Fucik: Mars skylmingameistaranna  
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Brynhildur Guðjónsdóttir, kynnir

**18. ágúst 2018 kl. 17:00 – Menningarnótt:**

**Brot af því besta**

- Leonard Bernstein: Candide, forleikur
- Pjotr Tsjajkovskíj: Fiðlukonsert, 1. kafli
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 3, 4. kafli
- Maurice Ravel: Bolero  
Klaus Mäkelä, hljómsveitarstjóri  
Sigrún Eðvaldsdóttir, einleikari  
Brynhildur Guðjónsdóttir, kynnir

**22. ágúst 2018 kl. 20 – Skálmöld og Sinfó**

**(endurteknir 23. og 24. ágúst kl. 20  
og 25. ágúst kl. 17)**

- Skálmöld: Forleikur 2018
- Skálmöld: Múspell
- Skálmöld: Niðavellir
- Skálmöld: Vanaheimar
- Skálmöld: Með griðungum
- Skálmöld: Að vetri
- Skálmöld: Að hausti
- Skálmöld: Með jötnum
- Skálmöld: Sverðið



- Skálmöld: Innrás
- Skálmöld: Árás
- Skálmöld: Gleipnir
- Skálmöld: Narfi
- Skálmöld: Sorg
- Skálmöld: Heima
- Skálmöld: Loki
- Skálmöld Hel
- Skálmöld Kvaðning (aukalag)  
Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri  
Skálmöld: Baldur Ragnarsson  
og Björgvin Sigurðsson, söngur og gítar,  
Gunnar Ben, hljómborð og söngur,  
Jón Geir Jóhannsson, trommur og söngur,  
Snæbjörn Ragnarsson bassi og söngur  
og Þráinn Árni Baldvinsson gítar og söngur  
Haraldur Vignir Sveinbjörnsson, útsetningar  
Karlakór Reykjavíkur, Friðrik S. Kristinsson kórstjóri  
Kammerkórinn Hymnodia,  
Eyþór Ingi Jónsson kórstjóri  
Barnakór Kársnesskóla, Álfheiður Björgvinsdóttir

### 31. ágúst 2018 – Klassíkin okkar

- Sigfús Einarsson: Draumalandið
- Karl O. Runólfsson: Í fjarlægð
- Sigvaldi Kaldalóns: Ave Maria
- Páll Ísólfsson: Í dag skein sól
- Jón Leifs: Íslenskur rímnadans op. 11 nr. 4
- Jón Nordal: Hvert örstutt spor
- Jónrunn Viðar: Vökuró
- Magnús Blöndal Jóhannsson: Sveitin milli sanda
- Atli Heimir Sveinsson: Snert hörpu mína
- Sigurður Þórðarson: Sjá dagar koma
- Páll Ísólfsson: Brennið þið vitar
- Þorkell Sigurbjörnsson: Heyr himna smiður (bara kór)
- Jón Ásgeirsson: Hjá lygnri móðu (bara kór)
- Jón Nordal: Smávinir fagrir (bara kór)

- Atli Heimir: Intermezzo úr Dimmalimm
- Hildigunnur Rúnarsdóttir: Sanctus úr Guðbrandsmessu
- Þorkell Sigurbjörnsson: Siciliano úr Columbine
- Daníel Bjarnason: Bow to String, 3. kafli
- Jónrunn Viðar: Eldur
- Páll Ísólfsson: Úr útsæ rísa Íslands fjöll
- Sveinbjörn Sveinbjörnsson: Ó, guð vors lands (aukalag)  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri  
Emilía Rós Sigfúsdóttir, einleikari  
Katie Buckley, einleikari  
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari  
Hallveig Rúnarsdóttir, einsöngvari  
Hildigunnur Einarsdóttir, einsöngvari  
Sveinn Dúa Hjörleifsson, einsöngvari  
Þóra Einarsdóttir, einsöngvari  
Gradualekór Langholtskirkju,  
Þorvaldur Örn Davíðsson kórstjóri  
Hamrahlíðarkórinn, Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri  
Karlakórinn Fóstbræður, Árni Harðarson kórstjóri  
Skólakór Kársness,  
Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri  
Söngsveitin Fílharmónía,  
Magnús Ragnarsson kórstjóri  
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir  
Guðni Tómasson, kynnir

### 15. september 2018 – Barnastund

- Georges Bizet: Carmen forleikur
- Jón Ásgeirsson: Krummi krunkar úti (úts Sig. I. Snorra)
- Camille Saint-Saens:  
Svanurinn úr Karnivali Dýranna
- Pyotr Tsjajkovskíj: Dans svananna úr Svanavatninu
- Richard Strauss: Unter Donner und Blitz
- Arthur Freed/Nacio Herb Brown:  
I'm Singing in the Rain

- Julius Fucik: Entry of the Gladiators
- Sigvaldi Kaldalóns: Á Sprengisandi (úts. PPP/Martin Frewer)  
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir

**23. september 2018 kl. 17 – Ungsveitin spilar Shostakovitsj**

- Peteris Vasks: Viatore fyrir strengjasveit
- Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
- Jón Leifs: Dýravisur úr Íslensk rímnadanslögum (aukalag)  
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

**27. september 2018 kl. 19:30 – Ari Eldjárn og Sinfó (endurteknir 28. september kl. 19:30 og 29. september kl. 17)**

- Richard Strauss: Also sprach Zarathustra
- Edvard Grieg: Í höll Dofrakonungs
- Edward Elgar: Úr Pomp and Circumstance
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 5, 1. kafli
- Jacques Offenbach: Can Can (forleikur frá Orpheus)
- Edward Elgar: Nimrod úr Enigma-tillbrigðunum
- John Williams: Súperman, meginstef
- Alfred Newman: Kynningarstef 20th Century Fox
- Richard Wagner: Valkyrjureiðin
- Georges Bizet: Carmen, forleikur
- Wolfgang Amadeus Mozart: Eine kleine Nachtmusik (fyrsti kafli)
- Gioacchino Rossini: Vilhjálmur Tell, brot úr forleik
- Nikolaj Rimskíj-Korsakoff: Býflugan
- Aram Katsjaturían: Sverðdansinn
- John Williams: Titilstefið úr Star Wars  
Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri  
Ari Eldjárn, uppistand/kynnir

**22. nóvember 2018 – Hnotubrjóturinn (endurtekið 23. nóvember kl. 19:30 og 24. nóvember kl. 13:00 og 17:00)**

- Þjotr Tsjajkovskíj: Hnotubrjóturinn  
Vadim Nikitin, hljómsveitarstjóri  
St. Petersburg Festival Ballet, dans  
Graduale Nobili, Þorvaldur Örn Davíðsson kórstjóri

**1. desember 2018 – Fullveldistónleikar**

- Daníel Bjarnason: Black Breathing úr Emergence
- Jón Leifs: Minni Íslands, op. 9
- Jóhann G. Jóhannsson: Landið mitt (frumflutningur)
- Antonio Vivaldi: Veturinn, 1. kafli, úr Árstíðunum
- Wolfgang Amadeus Mozart: Lacrimosa úr Requiem
- Bára Gísladóttir: ÓS (frumflutningur)
